



Reykjavík, 08.12.2022

Bæjarstjórn Kópavogs
b.t. Ásdísar Kristjánsdóttur, bæjarstjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Þann 1. júlí 2022 tók Vinnumálastofnun yfir verkefni Útlendingastofnunar er varðar þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Felur þjónustan einkum í sér að útvega umsækjendum húsnæði, framfærslu, heilbrigðisþjónustu, samgöngur og grunnskólaþjónustu þegar um börn er að ræða. Frá áramótum hafa rúmlega 4.000 einstaklingar sótt um vernd á Íslandi og í dag eru um 1.000 einstaklingar búsettir í húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar. Þjónustuþörfin hefur aukist mikið frá því að verkefnið færðist yfir um mitt ár.

Framkvæmdasýslan / Ríkiseignir hefur frá vormánuðum sinnt húsnæðisöflun f.h. ríkisins fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Nú er langt komið að ganga frá samningum vegna húsnæðis að Hjallabrekka 1, 200 Kópavogi. Áætlað er að um 50 einstaklingar geti dvalið í húsnæðinu. Með erindi þessu vill Vinnumálastofnun annars vegar upplýsa bæjarstjórn Kópavogsbæjar um fyrirhugaða leigu á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og hins vegar að kanna hvort sveitarfélagið myndi vilja gera þjónustusamning við Vinnumálastofnun er snýr að félagslegri þjónustu og stuðningi við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

I. Búseta umsækjenda um alþjóðlega vernd á vegum Vinnumálastofnunar í Kópavogi

Á Vinnumálastofnun hvílir lögboðin skylda skv. 33. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 að tryggja umsækjendum um alþjóðlega vernd húsnæði, framfærslu og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Eins og áður segir hefur stofnunin í hyggju að taka á leigu húsnæði í Kópavogi til að mæta bráðri húsnæðisþörf fyrir allt að 80 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Stofnunin mun þjónusta þennan hóp meðan hann er búsettur á vegum stofnunarinnar í Kópavogi, þ.e. meðan einstaklingar bíða niðurstöðu umsóknar sinnar og í kjölfarið í afmarkaðan tíma eftir það. Þjónustan felur m.a. í sér greiðslu framfærslu í samræmi við reglugerð um útlendinga, veita nauðsynlega heilbrigðisþjónustu í samræmi við reglugerð um útlendinga, bjóða upp á opna viðtalstíma milli kl. 9 og 11 ákveðna daga vikunnar og tryggja samgöngur ef þess gerist þörf. Stofnunin mun einnig sækja um skólavist í grunnskólum fyrir þau börn sem eru í þjónustu hennar og eru á grunnskólaaldri og greiðir fyrir það í samræmi við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags.

Í öllu húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar er ávallt sólarhrings öryggisgæsla og myndavélakerfi til að vakta sameiginleg svæði. Þá er starfsmaður á vegum stofnunarinnar á staðnum eftir þörfum. Þegar starfsmaðurinn er ekki á staðnum mun öryggisvörður sinna þeim verkefnum sem kunna að koma upp og hafa samband við starfsmann Vinnumálastofnunar ef þess gerist þörf.

Í kjölfar þess að einstaklingur fær niðurstöðu á umsókn um vernd frá Útlendingastofnun getur hann verið í allt að átta vikur áfram í þjónustu Vinnumálastofnunar, þ.e. ef umsókn er samþykkt. Ef umsókninni er hins vegar synjað á hann rétt á slíkrri þjónustu þar til hann yfirgefur landið. Þeir sem fá vernd eða mannúðarleyfi er svo vísað áfram til Fjölmenningarseturs sem ber þá ábyrgð á að para einstaklingana við sveitarfélög í landinu.

Kjósi sveitarfélagið að gera þjónustusamning við Vinnumálastofnun vegna félagslegrar þjónustu og stuðning við umsækjendur um alþjóðlega vernd myndi sveitarfélagið aftur á móti sinna framangreindum


þjónustubáttum gagnvart þeim einstaklingum sem dvelja í Kópavogi á meðan þeir bíða úrlausnar á umsókn sinni um vernd.

II. Þjónustusamningur við Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun er með þjónustusamninga við þrjú sveitarfélög; Hafnarfjarðarkaupstað, Reykjanesbæ og Reykjavík um félagslega þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í samningunum er mælt fyrir um þau atriði er ætlað er að veita umsækjendum, þ.e húsaskjól, fæði og félagslegan stuðning. Kjósi Kópavogur að gera slíkan samning við Vinnumálastofnun mun stofnunin greiða sveitarfélaginu ákveðið fastagjald á ári og daggjald vegna þeirra umsækjenda sem verða í þjónustu hjá sveitarfélaginu hverju sinni. Á móti skuldbindur sveitarfélagið sig til að veita þá þjónustu sem Vinnumálastofnun er annars ætlað að veita og kveðið verður nánar á um í þjónustusamningi aðila þar um. Meðfylgjandi er afrit af gildandi samningi við Reykjavík til nánari glöggvunar á fjárhæðum og eðli þjónustunnar.

Áhersla Vinnumálastofnunar hvað varðar þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er að reyna eftir fremsta megni að ná samningum við viðkomandi sveitarfélag til að veita þá þjónustu sem umsækjendur eiga rétt á. Með því næst betri samlegð við aðra þjónustubætti í sveitarfélaginu sem og betri yfirsýn og utenumhald þeirra einstaklinga sem dvelja í sveitarfélaginu hverju sinni. Vinnumálastofnun vonar að Kópavogsbær taki vel í umleitanir stofnunarinnar um gerð slíks samnings vegna fyrirhugaðrar búsetu umsækjenda um alþjóðlega vernd í sveitarfélaginu.

f.h. Vinnumálastofnunar



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri